

LÝÐHEILSUVÍSINDI

HANDBÓK MEISTARANEMA
2015-2016



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Myndir:

Gísli Hrafn Atlason / icenews.is / Landhelgisgæslan / Lára Guðrún Sigurðardóttir / Sigurður Guðmundsson



SKRIFSTOFA MIÐSTÖÐVAR Í LÝÐHEILSU VÍSINDUM

Skrifstofa MLV er í Stapa við Hringbraut. Opnunartími er að jafnaði 10–12 og 13–15 alla virka daga. Heimasíða miðstöðvarinnar er www.publichealth.hi.is sími á skrifstofu 525 4956

Starfsfólk og fastráðnir kennarar.

Arna Hauksdóttir, dósent arnah@hi.is

Dóra R. Ólafsdóttir, verkefnisstjóri dro1@hi.is

Helga Zoëga, dósent helgaz@hi.is

Sigrún Helga Lund, lektor sigrunhl@hi.is

Thor Aspelund, prófessor thor@hi.is

Unnur A. Valdimarsdóttir, prófessor og forstöðumaður MLV unnurav@hi.is

Námsstjórn.

Haraldur Briem, formaður, sóttvarnarlæknir og dósent við Læknadeild

Lárus Steinþór Guðmundsson, lektor við Lyfjafræðideild

Magnús Karl Magnússon, prófessor og deildarforseti Læknadeildar

Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, lektor við Hagfræðideild

Unnur A. Valdimarsdóttir, prófessor og forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum

Erindi til námsstjórnar má senda skrifstofu námsins publichealth@hi.is

GAGNLEG VEFFÖNG

[Upplýsingar fyrir nýnema við HÍ](#)
[Heimasíða Lýðheilsuvísinda](#)

[Þjónustusiður HÍ](#)
[Þjónustuborð](#)
[Stúdentaráð](#)
[Stúdentamiðlun](#)
[Reiknistofnun](#)
[Félagsstofnun Stúdenta](#)

[Spurt og svarað almennt](#)
[Spurt og svarað lýðheilsa](#)

IÐUNN 

Nemendafélagið Iðunn, félag nemenda í lýðheilsuvísindum við HÍ, sér m.a um vísindaferðir, árshátíð og aðra nemendafagnaði. Allir nemendur lýðheilsuvísinda eru sjálfkrafa meðlimir í Iðunni.

UPPBYGGING NÁMSINS



HAUST 1	VOR I	HAUST 2	VOR 2
Kjarni 18 ECTS	Kjarni 19 ECTS	Kjarni 6 ECTS	Kjarni 1 ECTS
Valnámskeið 0-12ECTS	Valnámskeið 0-12 ECTS	Valnámskeið 0-10 ECTS	Valnámskeið 0-12 ECTS
		Verkefni 15-30 ECTS	Verkefni 15-30 ECTS

Meistaránám í lýðheilsuvísindum er að jafnaði 2 ár og skiptist í kjarnanámskeið (44 ECTS), valnámskeið (16-46 ECTS) og lokaverkefni (30-60 ECTS). Miðað er við að nemendur ljúki kjarnanámskeiðum (öðrum en málstofu) á þremur misserum. Valnámskeiðum má dreifa á fjögur misseri.

Á öðru misseri þróa nemendur hugmyndir sínar um rannsóknarverkefni og velja sér leiðbeinanda í samvinnu við kennara og rannsóknarsérfræðinga MLV. Rannsóknaráætlun skal liggja fyrir við lok annars misseris, að loknu námskeiðinu Verklag í vísindum.

Kjarnanámskeið eru ómissandi undirbúningur fyrir rannsóknarverkefnið; rannsóknaráætlun unnin og kynnt í námskeiðinu Verklag í vísindum og nemendur geta unnið með eigin gagnasett í Líftölfræði II. Gott er að setja upp sína eigin námsætlun við upphaf náms og ákvarða hvaða námskeiðum og hversu mörgum einingum í verkefni skuli lokið á hverju misseri. Fullt nám í HÍ eru 30e á misseri; brautskráning er þrisvar á ári, í febrúar, júní og október. Athugið að skv. reglum um námið þá er hámarksnámstími til meistaraprófs 6 misseri (4ár) frá innritunardagsetningu.

Hvert 6e námskeið felur í sér um 42 fyrirlestra (40 mínútur) og stundum er að auki boðið uppá dæmatíma. Að jafnaði má gera ráð fyrir að á bak við hverja einingu í námskeiði við HÍ séu um 27klst í tímasókn og heimavinnu, auk prófaundirbúnings. Mætingarskylda er í sumum námskeiðum. Námsefni og glærur í kjarnanámskeiðum geta verið á ensku, og einnig koma erlendir gestakennarar að kennslu. Kennsla fer þó að öllu jöfnu fram á íslensku.

Nánari upplýsingar um námsbrautina, námskeið og listi yfir valnámskeið eru í [kennsluskrá](#) og á [heimasíðu](#) námsins.

LOKAVERKEFNI OG MÁLSTOFUR MEISTARANEMA

Rannsóknarverkefnið er mikilvægur hluti MPH námsins og því er mikilvægt að nemendur kynni sér vel upplýsingar um vinnulag og tímaáætlun fyrir verkefni, vörn og brautskráningu sem er að finna á [heimasiðunni](#) okkar og á hópvef MPH nema í Uglu. **Mikilvægt er að hafa í huga að nemendur eru sjálfir verkefnisstjórar í eigin verkefni og bera ábyrgð á framvindu þess.**

Gæta skal að því að vinna í góðri samvinnu við leiðbeinanda sinn og að kalla saman nefndina eftir þörfum (reglur heimadeildar leiðbeinanda ráða fjölda nefndarmanna í hverju tilfelli).

Nánar er farið yfir verklag, rannsóknaráætlun, hlutverk leiðbeinanda og nefndar og annað sem viðkemur lokaverkefni í námskeiðinu Verklag í vísindum, en alltaf má snúa sér til skrifstofu með spurningar sem upp koma.

Málstofur meistaranema I og II eru heilsársnámskeið og m.a. skipulagðar til stuðnings við nemendur meðan rannsóknarverkefni er unnið, auk þess að þjálfa nemendur í að standa fyrir svörum og taka þátt í fræðilegri umræðu.

OPNAR MÁLSTOFUR

Málstofur MLV fara fram um tvisvar í mánuði en þar kynna doktorsnemar og aðrir gestafyrirlesarar verkefni sín og framvindu þeirra. Dagskrá er uppfærð á hópvef í Uglu og send nemum í tölvupósti.

SKRÁNING Í NÁMSKEIÐ OG VERKEFNI

Nemendaskrá Háskóla Íslands heldur skrá um nám allra nemenda skólans, gefur út vottorð og yfirlit yfir námsferil. Nemendur eru sjálfir ábyrgir fyrir skráningu í námskeið og greiðslu skólagjalda innan þess tímaramma sem nemendaskrá gefur hverju sinni. Stoðþjónusta Nemendaskrár er á Þjónustuborði á Háskólatorgi og einnig má senda póst á nemskra@hi.is

Breytingar á námskeiðaskráningu eru mögulegar í byrjun hvers misseris og á því tímabili geta nemendur sjálfir breytt námskeiðs– og prófaskráningu sinni á Uglunni. Síðasti dagur til að skrá sig í og úr námskeiðum og prófum á hverju misseri er auglýstur á heimasíðu HÍ, á Uglunni og í kennslualmanaki.

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á skráningu í verkefni, og önnur námskeið, en algengast er að full vinna í rannsóknarverkefni hefjist á 3 misseri námsins og að nemendur skrái sig í 10 til 30e í verkefni í senn, allt eftir umfangi rannsóknar og áætlaðs námstíma. Til að staðfesta skráningu í verkefni þurfa leiðbeinendur, í samráði við nemanda, að skila framvinduskýrslu við misserislok. Framvinduskýrslur eru á hópvef MPH nema í Uglu.

MAT Á FYRRA NÁMI

Hægt er að sækja um mat á einingum úr fyrra námi á skrifstofu MLV. Ef um er að ræða meistaranám sem þegar hefur verið metið til gráðu er að hámarki hægt að fá 12 einingar metnar sem valeiningar. Ef um er að ræða námskeið á meistarastigi sem ekki hafa verið metin til gráðu eru að hámarki 20 einingar metnar sem valeiningar. Reglur um mat á fyrra námi og umsóknarblöð er að finna á [heimasiðunni](#).

UGLAN—INNRI VEFUR HÁSKÓLANS

Allir nemendur HÍ fá úthlutað heimasvæði á Háskólavefnum og aðgang að Uglunni, innri vef Háskólans. Uglan er öflugur upplýsinga-, kennslu- og þjónustuvefur nemenda og starfsfólks. Kennarar og stjórnendur skólans ganga út frá því að nemendur noti Ugluna og lesi tölvupóst sinn reglulega; tilkynningar og upplýsingar um námskeið eru alltaf sendar rafrænt. Aðgangur hvers nemanda miðast við skráningu, þ.e nemendur fá aðgang að kennsluvef þeirra námskeiða sem þeir eru skráðir í, og því er mikilvægt að ganga úr skugga um að skráningar séu réttar og fari fram á réttum tíma.

Mjög mikilvægt er að nemendur taki sér tíma í að kynna sér Ugluna vel við upphaf náms og lesi [@hi.is](#) tölvupóst sinn daglega. Upplýsingar um Uglu og kennslumyndbönd eru á vef [Reiknistofnunnar](#).

KENNSLUSKRÁ

[Kennsluskrá Háksóla Íslands](#) er rafræn. Í henni eru mikilvægar upplýsingar um námsleiðir og námskeið og að auki upplýsingar um skólaárið, skráningu, gjöld, próf og margt fleira. **Mjög mikilvægt er að nemendur kynni sér [lykilupplýsingar í kennsluskrá](#) og [kennslualmanaki](#).**

KENNSLUALMANAK

[Kennslualmanak Háskóla Íslands](#) er rafrænt. [Stundaskrá](#) kjarnafaga lýðheilsunnar er á heimasíðu námsins. Nánari upplýsingar um hvert námskeið má nálgast á heimasíðu þeirra í Uglunni, en nemendur fá aðgang að kennsluvef námskeiðs við skráningu. Tilkynningar um opna fyrirlestra og viðburði á vegum MLV eru sendar nemendum í tölvupósti og auglýstar á heimasíðunni.

STYRKIR

Nemendur í meistara og doktorsnámi á Íslandi hafa í síauknum mæli möguleika á því að fá styrki vegna rannsóknarverkefna sinna. [Hér](#) má lesa um ýmsa sjóði og styrki við HÍ.

BÆKUR

Kennsluefni námskeiða við HÍ birtast á kennsluvef hvers námskeiðs og í kennsluskrá. Oft eru nánari upplýsingar um ýtarefni í kennsluáætlun námskeiða, en kennarar setja kennsluáætlun á kennsuvef við upphaf kennslu. Nemendur HÍ hafa aðgang að Þjóðarbókhlöðunni og geta sótt bókasafnsskírteini án endurgjalds. www.bok.hi.is. Bóksala stúdenta er á Háskólatorgi. www.boksala.is en þar má einnig finna bókalista deilda.

VINNUAÐSTAÐA

Upplýsingar um lesrými, tölvuver og bókanir á hópavinnustofum í byggingum HÍ eru á [þjónustusiðum](#) aðalvefs.